



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2012

### **Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 111 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um hlutaskrá og safnreikninga.**


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 8. mars sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga með það að markmiði að auka kröfur um gagnsæi eignarhalds fyrirtækja.

Tekið skal fram að LL styðja almennt reglur sem eru til þess fallnar að auka traust á hlutabréfamarkaði en þar skiptir gagnsæi í viðskiptum og eignarhaldi miklu máli. Við yfirlestur á frumvarpinu og greinargerð liggur ekki fyrir hvaða rannsóknir liggja að baki breytingartillögnum. Telja verður nauðsynlegt að fram fari úttekt á því hvernig fyrirkomulagi þessara mála er háttáð hjá þeim löndum sem við berum okkur að jafnaði saman við. Almennt er æskilegt að reglur er varða viðskiptahagsmuni séu ekki frábrugðnar því sem gerist í okkar helstu viðskiptalöndum og því ber að forðast að fara sértækar leiðir nema að fyrirfram vel ígrunduðu máli.

Með vísan í ofangreint telur LL sér ekki fært að svo stöddu að taka afstöðu til frumvarpsins en til þess að svo geti orðið þurfa að liggja fyrir frekari greiningar á markmiðum, hugsanlegum leiðum og áhrifum frumvarpsins á íslenskan hlutabréfamarkað.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri